

Reykjavík 6. júní 2022
Sendandi umsagnar: Þóra Jónsdóttir, 67 ára.

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík
Sent á netfangið: nefndasvid@althingi.is

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs (lágmarkstryggingavernd, tilgreind séreign o.fl.), 690 mál.

Í frumvarpi fjármála- og efnahagsráðherra um lífeyrissgreiðslur er m.a. gert ráð fyrir að Lögum um almannatryggingar sé breytt á þann hátt að sá hluti skylduiðgjalds til lífeyrissjóða sem valfrjálst hefur verið að láta renna í séreign viðkomandi einstaklings, muni frá 1. janúar 2023 skerða ellilífeyri almannatrygginga ef þessi séreign er tekin út eftir að taka ellilífeyris hefst hjá öllum þeim sem hafa ekki hafið töku ellilífeyris 1. desember nk.

Þeir sem eiga séreign sem myndast hefur á þennan hátt, þurfa því að taka hana út áður en til töku ellilífeyris kemur til að koma í veg fyrir það að hún skerði ellilífeyri almannatrygginga. Eða hefja töku ellilífeyris ekki síðar en 1. desember 2022.

Þeir sem byrjað hafa töku ellilífeyris 1. desember 2022 eða fyrr, sleppa við þessa skerðingu.

Skerðing á ellilífeyri vegna séreignar sem fólk hefur safnað í lífeyrissjóði árum saman, á samkvæmt frumvarpinu að gilda fyrir afturvirknan sparnað. Þennan séreignarsparnað hefur fólk hingað til góðri trú talið að væri sín séreign og muni ekki skerða rétt þeirra til ellilífeyris almannatrygginga. Ef þetta hefði verið ljóst á sínum tíma, þá hefðu hugsanlega margir valið frekar að sá hluti sem var látinn renna í séreign rynni frekar í sameignina þar sem sameignin gefur ævilöng réttindi en séreignin dugar bara eins langt og hún nær. Kosturinn við séreignina var að henni mátti ráðstafa nokkuð frjálst og hún skerti ekki ellilífeyri almannatrygginga þótt hún væri ekki tekin út fyrr en viðkomandi væri byrjaður að taka út ellilífeyri. Þannig nýttist hún sem viðbót við ellilífeyri viðkomandi. Ef viðkomandi félli aftur á móti frá án þess að hafa tekið alla séreign sína út, þá erfðist hún.

Tökum dæmi af tvíburunum Jóni og Gunnu sem alla tíð hafa verið með svipuð laun og greitt í sama almenna lífeyrissjóðinn. Jón byrjar á ellilífeyri 1. janúar 2023 og tekur í sama mánuði út 100.000 krónur af séreignarsparnaði sínum. Ellilífeyrir hans í janúar 2023 mun skerðast um 45.000 krónur. Eftir standa vissulega 55.000 krónur hærrí tekjur en annars en af þeim er greiddur tekjuskattur og Jón fær því í vasann 35.000 kr í sinn hlut miðað við að skattur sé greiddur skv. 2. skattþrepi. Gunna, tvíburasystir hans, sem hóf töku ellilífeyris mánuði fyrr en Jón (1. des 2022) tekur líka út 100.000 kr úr séreignarsjóðnum í janúar 2023. En hún fær í vasann 64.000 kr í sinn hlut eftir skatt þar sem hennar séreignarsparnaður skerðir ekki ellilífeyrinn hennar. Þessi munur á tekjum Jóns og Gunnu, 29.000 kr. verður sá sami á hverjum mánuði eftir þetta svo lengi sem séreignarsjóður þeirra tæmist ekki og réttur þeirra til ellilífeyris sé alla vega 45.000 kr. Á einu ári er þessi munur 348.000 krónur í hag. Á þremur árum fær Gunna því 1.044.000 kr meira en Jón í vasann. Heppin hún Gunna að hafa hafið töku ellilífeyris einum mánuði fyrr en Jón bróðir!

Það er að mínu mati tvennt í stöðunni fyrir þann sem hefur ekki hafið töku ellilífeyris 1. desember nk og er að verða eða er orðinn 67 ára við gildistöku laganna:

1. Taka út séreignarsparnað sinn sem tilkominn er vegna hluta af skyldutryggingariðgjaldinu áður en byrjað er að taka út lífeyri úr lífeyrissjóðunum og ellilífeyri úr almannatryggingakerfinu.

Ekkert ætti að vera þessu til fyrirstöðu. Þennan möguleika þarf aftur á móti að kynna vel fyrir þessum hópi þar sem töluvert er í húfi.

2. Taka þennan séreignarsparnað aldrei út og láta hann renna til erfingja sinna en einn af umtöluðum kostum séreignarsparnaðar er að hann erfist.

Ég legg til að breyting sé gerð á frumvarpinu þ.a. skerðing ellilífeyris, (tekjutryggingar og ráðstöfunarfés) vegna séreignar sem stofnað hefur verið til fyrir gildistöku laganna, verði annað hvort alveg undanþegin nýju skerðingarákvæði laganna eða að undanþága gegn skerðingarákvæðinu náði til þeirra sem eru 60 ára eða eldri á árinu 2023, þeas þeirra sem eru fæddir 1963 eða fyrr. Þannig fær þessi hópur tækifæri til að taka sína séreign út án þess að hún skerði ellilífeyri þeirra.

Þeir sem eru yngri en 60 ára við gildistöku laganna, vita þá tímanlega af breyttum áhrifum eigin séreignarsparnaðar á komandi rétt til ellilífeyris almannatrygginga. Þeir hafa tækifæri til að taka séreignarsparnað sinn út á árunum fyrir 67 ára aldur, áður en sótt er um töku ellilífeyris og ætti að vera ljóst að ef þeir gera það ekki að þá muni úttekt séreignarsparnaður þeirra skerða rétt til ellilífeyris um 45% ef skerðing ellilífeyris er sama prósentu og í dag.

Virðingarfyllst

Þóra Jónsdóttir
Laugateig 40
105 Reykjavík